

NORÐURLÖND EINUM RÓMI

Samskiptastefna Norrænu ráðherranefndarinnar 2025–2030



Formáli

Samskiptastefna Norrænu ráðherranefndarinnar er almenn og framsýn og hefur að geyma leiðbeiningar um hvernig við miðlum upplýsingum um samstarf norrænu ríkistjórnanna. Tilgangur samskiptastefnunnar er að móta ramma fyrir alla starfsemi Norrænu ráðherranefndarinnar og vera leiðarvísir fyrir aðrar samskiptastefnur og -áætlanir.

Þessi samskiptastefna, sem er ný og uppfærð útgáfa af þeirri stefnu sem var sett árið 2020, tekur gildi í janúar 2025. Ný og uppfærð stefna tekur gildi í janúar 2025. Auk samskiptastefnunnar verða mótaðar sérstakar samskiptaáætlanir sem kveða nánar á um forgangs röðun, markmiðastýringu, sveigjanleika og áherslumál hvers tíma í samskiptastarfi ráðherranefndarinnar.

Efnisyfirlit

Framtíðarsýnin 2030	4-5
Markmið	6-7
Markhópar	8-9
Leiðin áfram	10-11
Skipulag	12-13
Skrifstofa, stofnanir og landsskrifstofur Norrænu ráðherranefndarinnar	14-15



Framtíðarsýnin fyrir árið 2030

Framtíðarsýnin 2030 er
leiðarljósið í samskiptastarfi
Norrænu ráðherranefndarinnar

Græn Norðurlönd

Samkeppnishæf Norðurlönd

Félagslega sjálfbær Norðurlönd

**Norðurlönd eiga að
verða sjálfbærasta
og samþættasta
svæði heims**

Árið 2025 verður haldið áfram með vinnuna að framtíðarsýninni fyrir árið 2030 á grundvelli 14 nýrra samstarfsáætlana fyrir fagsvið Norrænu ráðherranefndarinnar.





Markmið

Við fjöllum um möguleika, árangur og áhrif norrænnar samvinnu

Árangur af samskiptastarfi Norrænu ráðherranefndarinnar verður skilgreindur eftir þremur meginþáttum:

Sýnileiki

Í gegnum samskiptastarfið sýnir Norræna ráðherranefndin frumkvæði sem stefnumarkandi aðili og í samstarfi við stofnanir og skrifstofur sínar og aðra aðila vinnur hún að markvissum aðgerðum sem ætlað er að gera framtíðarsýnina 2030 að veruleika.

Í samskiptastarfinu endurspeglast grunnstefin í samstarfsáætlunum og pólitískum áherslum hvers fagsviðs.

Notagildi

Við sköpum norrænt notagildi og ávinning með breiðari skírskotun og setjum landsbundna umræðu í norrænt samhengi.

Við fjöllum um norrænan virðisauka á Norðurlöndum og á alþjóðavísu. Við setjum málefni á dagskrá með því að bjóða til og taka þátt í umræðu út frá ólíkum sjónarhornum og koma á framfæri gagnlegum upplýsingum studdum gögnum.

Þátttaka

Við eigum í opnu samtali við samfélögin á Norðurlöndum og í alþjóðlegu tilliti.

Við skipum Norrænu ráðherranefndinni stöðu sem samstarfsvettvang. Það gerum við með samskiptastarfi sem er upplýsandi og hvetur til þátttöku, jafnt innan Norðurlanda sem annars staðar í veröldinni.





Markhópar

Norræna ráðherranefndin starfar á vegum ríkisstjórna á Norðurlanda að því að skapa norrænt notagildi og virðisauka.

Samskiptin eiga að vera upplýsandi og gagnsæ og hvetja þannig til almennrar þátttöku í norrænu samstarfi. Norræna ráðherranefndin hyggst ná eyrum alls almennings án tillits til aldurs, kyns, uppruna eða annarra þátta með aðstoð menningarstofnana sinna og borgarasamfélagsins.



Norræna ráðherranefndin er vettvangur fyrir norrænar ríkisstjórnir til að skapa notagildi og ávinning fyrir Norðurlönd

Til að Norðurlandabúar fái notið þessa ávinnings höfum við skilgreint tiltekna markhópa sem eru í góðum tengslum við almenna borgara og hjálpa okkur að koma skilaboðunum áfram. Þannig getum við náð til borgara í öllum kimum Norðurlanda. Helstu markhópar:

Stefnumótunaraðilar og embættismenn

Aðilar sem bæði móta verkefni Norrænu ráðherranefndarinnar og taka þátt í hinu daglega samstarfi. Þetta eru meðal annarra ráðherrar, þingmenn og embættismenn.

Opinberir lykilaðilar

Samtök sveitarfélaga, stjórnendur bæja og sveita og fagaðilar sem nýta sér norrænar skýrslur og þátttöku í og vitneskju um verkefni sem Norræna ráðherranefndin fjármagnar.

Aðilar að ákvörðunartöku

Fulltrúar frá atvinnulífinu, fræðasviðinu, menningar-

geiranum, hagsmunasamtökum og aðilar borgarasamfélagsins sem fyrir hönd norrænna borgara nýta sér þekkingu um pólitíska starfsemi og útgáfur sem og þekkingu á og þátttöku í verkefnum sem fjármögguð eru af Norrænu ráðherranefndinni.

Alþjóðlegir aðilar

Samskiptastarfinu er ætlað að koma á samræðum við alþjóðasamfélagið um norrænar og hnattrænar áskoranir. Í samstarfi við hið norræna tengslanet kynnum við umheiminum hin norrænu gildi.

Norrænir og alþjóðlegir fjölmiðlar

Norræna ráðherranefndin tekur virkan þátt í opinberri umræðu þar sem norrænn ávinningur hlýst af frásögnum um árangur hvað varðar framtíðarsýnina 2030.

Norræna ráðherranefndin

Hér er átt við skrifstofuna, stofnanirnar, landskrifstofur og aðra norræna samstarfsaðila. Hér er starfsfólkið í meginhlutverki við að koma á framfæri þekkingu og upplýsingum um markmið samvinnunnar auk þess að efla norræna samkennd.



Vegurinn fram á við

Samskipti okkar eru ábyrg og við nýtum okkur allar mögulegar stafrænar samskiptaleiðir. Samskiptin skulu vera auðkennileg fyrir markhópana.

Samskiptaþörfin, aðferðirnar og tæknin þróast í sífellu. Til að ná til markhópanna þarf að velja boðleiðir og samskiptatæki vandlega og það val þarfnast sífelldrar endurskoðunar.

Við vinnum náið með hagsmunaaðilum og öðrum samstarfsaðilum til að skapa gagnvirkni, hvetja til þátttöku og ná meiri útbreiðslu.

Samskiptastarfið er metið bæði hvað varðar gæði og magn. Gæðaúttekt á samskiptastarfinu fer fram í samræmi við pólitískar áherslur og samskiptamarkmið og er ætlað að greina áhrifin af forgangsverkefnum okkar.

Samskiptaáætlanir fyrir stærri verkefni verða samdar eftir því sem þörf er á. Nákvæmar leiðbeiningar um innri samskipti koma fram í sérstöku skjali. Leiðbeiningar um útgáfur er að finna í hönnunarstaðlinum. Kynning á alþjóðavettvangi, stafræn miðlun og málstefna eru skilgreind í öðrum sérstökum undirskjöllum.





Skipulag

Samskiptin eru fastur liður í allri starfsemi Norrænu ráðherra- nefndarinnar og allir sem vinna hjá henni eru í hlutverki.

Samskiptasviðið tekur þátt í hinni pólitísku og faglegu vinnu með ráðgjöf og umsjón með öllum samskiptaverkefnum sem tengjast skrifstofu ráðherra nefndarinnar.


Samskiptasviðið sinnir samhæfingu á samskipta- verkefnum á reglubundnum fundum á og er í virku samtali við stofnanir og landsskrifstofur Norrænu ráðherra nefndarinnar og aðra hlutaðeigandi. Fram fer náið samstarf með þeim sem sinna samskiptastarfi innan ráðuneyta og stofnana á Norðurlöndum.

Yfirmaður samskiptasviðs Norrænu ráðherra nefnd- arinnar ber ábyrgð á að stefnunni sé fylgt eftir og leggur mat á hvernig til tekst.





Skrifstofa, stofnanir og landsskrifstofur Norrænu ráðherranefndarinnar



- **Norðurlönd í fókus**
 - Danmörk
 - Noregur
 - Svíþjóð
 - Finnland
 - Ísland

Norræna stofnunin á Grænlandi (NAPA)

Grænland

Norræna húsið, NOREY

Ísland

Norðurlandahúsið, Færeyjum

- Norræna rannsóknaráðið (NordForsk)
- Norrænar orkurannsóknir
- Norræna nýsköpunarmiðstöðin

- Norræna velferðarmiðstöðin
- Nordregio

- Danmörk
- Noregur
- Svíþjóð
- NordGen

Skrifstofa Norrænu ráðherranefndarinnar

Álandseyjar

Finland

- Norræna menningargáttin
- Norræna stofnunin um framhaldsmenntun í vinnuvernd (NIVA)

Norræna stofnunin á Álandseyjum

- Skrifstofur Norrænu ráðherranefndarinnar í
- Eistlandi
 - Lettland
 - Litháen

NOR



SAMSKIPTASTEFNA 2025-2030

Norðurlönd einum rómi

→ [NORDEN.ORG](https://norden.org)